



28. mars 2019

Ræða

Más Guðmundssonar seðlabankastjóra.
Flutt á 58. ársfundi Seðlabanka Íslands, 28. mars 2019.

Forsætisráðherra, aðrir ráðherrar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar og aðrir Alþingismenn, bankastjórar, sendiherrar erlendra ríkja og aðrir góðir gestir!

Þetta er síðasta ræða mín á ársfundi Seðlabanka Íslands þar sem ég læt af embætti seðlabankastjóra í ágúst n.k. eins og lög gera ráð fyrir, eftir tíu ár í starfi. Því ætla ég að þessu sinni að beina sjónum að mestu fram hjá núverandi viðfangsefnum tengdum peningastefnu, fjármálastöðugleika og öðrum verkefnum Seðlabankans, en óhjákvæmilegt er þó að leggja mat á nýjustu tíðindi. Ég mun að mestu ræða tvennt. Annars vegar mun ég líta um öxl og ræða þróun þjóðarbúskapar og fjármálakerfis síðustu tíu ár. Í því sambandi mun ég leggja mitt mat á hvernig Seðlabankanum hefur tekist að skila markmiðum sínum. Með birtri og prentaðri ræðu minni hér munu fylgja valdar myndir sem sýna hagþróun á þessu tímabili. Hins vegar mun ég líta til framtíðar og ræða nokkrar framtíðaráskoranir sem tengjast markmiðum og viðfangsefnum bankans.

Látum nú hugann reika aftur til miðs árs 2009. Ísland var þá að ganga í gegnum mesta efnahagssamdrátt síðan í fyrri heimsstyrjöldinni fyrir um einni öld. Landsframleiðsla minnkaði um tæplega 13% frá hámarki sínu fyrir fjármálakreppuna á fyrsta ársfjórðungi 2008 þar til að hún náði botninum á fyrsta ársfjórðungi 2010. Af þeim sökum jókst atvinnuleysi verulega en eins og alltaf með tímatöf og náði það sögulegu hámarki eftirstríðsáranna á fjórða ársfjórðungi 2010 í rúmum 8%. Verðbólga hafði náð hámarki í nærri 19% í janúar 2009 en var um mitt ár komin í um 12%. Á sama tíma höfðu meginvextir Seðlabankans lækkað úr 18% í 9½%. Ríki og sveitarfélög urðu fyrir þungu höggi vegna efnahagssamdráttar og aukins atvinnuleysis. Árið 2009 var afkoma hins opinbera neikvæð sem nam nærri 10% af landsframleiðslu og er þá horft fram hjá einskíptisliðum eins og endurfjármögnun Seðlabankans. Skuldir hins opinbera náðu hámarki í 92% af landsframleiðslu árið 2011. Skuldastaða þjóðarbúsins í heild var líka slæm en erlendar skuldir þjóðarbúsins umfram eignir erlendis námu nærri 130% af landsframleiðslu í árslok 2008 ef horft er fram hjá búum föllnu bankanna. Gjaldeyrisforðinn var ekki nema 12% af landsframleiðslu í aðdraganda fjármálakreppunnar. Hann stækkaði nokkuð við fyrsta ádrátt á lán

sem tengdust efnahagsáætluninni með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og nam um 24% af landsframleiðslu um mitt ár 2009. Nær allur gjaldeyrisforðinn var fjármagnaður með erlendu lánsfé.

Staðan var því erfið en til viðbótar var mikil óvissa um hver framvindan yrði. Myndi takast að stöðva gengisfall krónunnar sem enn var í gangi, m.a. vegna þess að fjármagnshöftin virkuðu ekki eins og stefnt var að? Önnur endurskoðun efnahagsáætlunarinnar með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og tilheyrandi lánaútgreiðsla tafðist vegna Icesave-deilunnar. Fjármagnshöftin héldu inni snjóhengju aflandskróna sem nam um 40% af landsframleiðslu en ekki lágu fyrir upplýsingar um hversu mikill greiðslujafnaðarvandi myndi leynast í búum hinna föllnu banka, enda ekki búið að ganga frá skiptunum á milli nýju og gömlu bankanna. Nýju bankarnir höfðu ekki enn verið nægjanlega fjármagnaðir með eigin fé og umfang vandræðalána var mikið. Það var því mjög mikil óvissa um hvernig hinum nýju bönkum myndi reiða af. Myndi takast að koma ríkisfjármálum á sjálfbæran grundvöll? Í stuttu máli voru öll þrjú meginmarkmið efnahagsáætlunar stjórnvalda með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum því enn í óvissu en þau voru gengisstöðugleiki, sjálfbær ríkisfjármál og endurreisn fjármálakerfisins.

Við vitum nú að viðsnúningurinn var rétt handan við hornið. Samdrátturinn var auðvitað afleiðing af fjármálakreppunni en hann átti líka rætur að rekja til óhjákvæmilegrar aðlögunar ósjálfbærs ójafnvægis í þjóðarbúskapnum og þess að ofþandar atvinnugreinar eins og byggingarstarfsemi og fjármálaþjónusta skruppu saman. Skýrast birtist aðlögunin í því að tveggja stafa viðskiptahalli árána fyrir fjármálakreppuna snerist í umtalsverðan afgang þegar á árinu 2009. Svo snögg umskipti þykja fátíð á alþjóðlegum vettvangi og hafa vakið töluverða athygli. Lækkun raungengis um 45% frá hámarki árána fyrir kreppu átti sinn þátt í þessari aðlögun en hún gekk þó of langt og hafði til að byrja með miklar neikvæðar hliðarverkanir vegna mikilla skulda í erlendum gjaldmiðlum hjá innlendum aðilum sem ekki höfðu gjaldeyristekjur eða eignir á móti. Því var lögð mikil áhersla á að stöðva fall gengis krónunnar. Það gerðist á seinni hluta ársins 2009 og hjálpaði þar til að glufum fyrir fjármagnsútlæði var lokað og gerðar voru ráðstafanir til að fá fjármagnshöftin til að virka eins og að var stefnt.

Efnahagsbatinn hófst í framhaldi af því að gengisfallið stöðvaðist og óhjákvæmileg aðlögun innlendar eftirspurnar að nýjum efnahagslegum veruleika var að mestu yfirstaðin. Þjóðarbúið náði þá viðspyrnu í undirliggjandi styrkleika þeirra atvinnugreina sem ekki höfðu verið hluti af bóluhagkerfinu, einkum hefðbundinna útflutningsgreina. Fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisgreinum nýttu sér lágt raungengi.

Efnahagssuppsveiflan hófst á öðrum ársfjórðungi 2010 þegar landsframleiðsla tók að vaxa á ný. Hún hefur vaxið meira og minna samfelld síðan og er þetta lengsta efnahagssuppsveifla miðað við hagvöxt á mann frá því í lok seinna stríðs.

Framan af var vöxturinn tiltölulega veikur í samanburði við fyrri uppsveiflur enda aðallega keyrður áfram með því að vinna á slaka í þjóðarbúskapnum en fjárfesting var tiltölulega veik framan af. Þetta breyttist árið 2015 þegar vöxtur ferðapjónustunnar fór í nýjar hæðir, viðskiptakjör bötнуðu og fjárfesting tók betur við sér. Það ár snerist slaki í þjóðarbúskapnum í spennu og áframhaldandi vöxtur án ofhitunar þjóðarbúsins krafðist aukins innflutnings vinnuafls.

Á síðustu árum hafa tekjur landsmanna farið töluvert upp fyrir það sem þær fóru hæst fyrir fjármálakreppuna og á þar hlut að máli bæði hagvöxtur og bætt viðskiptakjör þjóðarinnar. Kaupmáttur launa var á síðasta ári 24% hærri en árið 2007 og þjóðartekjur á mann voru að raunvirði 12% hærri. Árið 2007 vorum við í ellefta sæti meðal OECD-ríkja varðandi þjóðartekjur á mann samkvæmt alþjóðlegri tölfræði. Við féllum niður í það níjtjándi árið 2010 en árið 2017 vorum við komin upp í sjötta sæti.

Ég átti alltaf von á því að þjóðarbúið myndi rísa en þorði ekki láta mig dreyma um að við myndum komast á þann stað sem við erum á í dag. Eins og ég lýsti í ársfundarræðu minni árið 2010 hafði ég líka áhyggjur af því að landlægt ójafnvægi í þjóðarbúinu tæki sig upp þegar efnahagsbatinn væri lengra kominn. Það gæti birst í efnahagslegum óstöðugleika, ósjálfbærri ytri stöðu þjóðarbúsins og verðbólgu yfir markmiði. Sem betur fer varð þetta ekki raunin. Við höfum gengið í gegnum langt samfellt hagvaxtarskeið. Að vísu myndaðist spenna í þjóðarbúskapnum sem hefði getað endað með ofhitnun og óstöðugleika. Það tókst hins vegar að forðast það með innflutningi vinnuafls og aðhaldssamri hagstjórn, sérstaklega í peningamálum. Nú dregur hratt úr spennunni án þess að sú þróun hafi enn snúist í efnahagslegan samdrátt.

Í framtíðinni verður væntanlega nokkru þúðri eytt í að leita skýringa á þessum árangri. Á mínum lista er í fyrsta lagi eðli áfallanna sem riðu yfir haustið 2008. Tjónið vegna falls íslensku bankanna lenti á mun fleiri löndum en Íslandi. Aðlögunin í þjóðarbúinu var óhjákvæmileg eins og ég minntist á og samdrátturinn var mestur í ofþöndum greinum á sama tíma og stór hluti annars atvinnurekstrar hélt styrkleika sínum, einkum hefðbundnar útflutningsgreinar. Í öðru lagi er það hvernig tekið var á málum þegar bankarnir féllu sem takmarkaði tjónið og kom í veg fyrir að kostnaður vegna falls einkabanka lenti í of miklum mæli á almenningsi. Í þriðja lagi er það efnahagsáætlun stjórnvalda með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hagstjórnin í framhaldinu. Öll þrjú meginmarkmið áætlunarinnar náðust. Í fjórða lagi er það hvernig til tókst við að losa fjármagnshöft án þess að raska jafnvægi greiðslujafnaðar og varðveita fjármálastöðugleika. Í fimmta lagi er það samþætting þjóðarbúskaparins við viðskiptalönd, einkum í gegnum EES-samninginn. Hún gerði það auðveldara að milda áfallið í gegnum útflutning vinnuafls og annarra framleiðsluþátta og snúa honum svo í innflutning þegar spennan stefndi í að verða of mikil. Í sjötta lagi er það svo venjuleg heppni sem að hluta til liggur að baki miklum vexti ferðapjónustunnar og bættum viðskiptakjörum á síðustu árum.

Á heildina litið hefur þetta gengið vel þótt auðvitað hafi ekki allt gengið upp. Því má heldur ekki gleyma að fjármálakreppur af þeirri stærð sem hér reið yfir varpa löngum skugga og margir hafa átt um sárt að binda í langan tíma á eftir. Það undirstrikar nauðsyn þess að varðveita fjármálastöðugleika.

Framlag Seðlabankans til þessa árangurs felst einkum í þrennu: Í fyrsta lagi mótun og framkvæmd peningastefnu. Í öðru lagi þátttöku í endurreisn fjármálakerfisins og mótun og framkvæmd fjármálastöðugleikastefnu. Í þriðja lagi þátttöku í mótun stefnu um losun fjármagnshafta og framkvæmd hennar. Ég sný mér nú að þessum þremur þáttum og þoka mér í leiðinni inn í núverandi tíð.

Verðbólga hjaðnaði á árunum 2009 og 2010 samfara því að verðbólguáhrif hins mikla gengisfalls á árinu 2008 gengu yfir, gengi krónunnar náði jafnvægi á seinni hluta ársins 2009 og fór svo að hækka á árinu 2010. Verðbólgan minnkaði samfellt þar til að hún fór í markmið undir lok árs 2010. Vextir Seðlabankans lækkuðu eftir því sem árangur náðist við minnkun verðbólgunnar og náðu þeir lágmarki í um 3½% snemma árs 2011. Verðbólguvæntingar voru þó áfram yfir markmiði. Á seinni hluta ársins 2011 og árinu 2012 jókst verðbólga á ný vegna lækkunar gengis krónunnar og umtalsverðra launahækkana. Við vitum nú að peningastefnan náði miklum árangri í viðbrögðum sínum við þessu ástandi. Þau fólust bæði í vaxtabreytingum og skilaboðum um frekari hækkun vaxta en einnig í virkari notkun á fleiri tækjum eins og gjaldeyrisinngripum og síðar sérstakri bindingu á fjármagnsinnstreymi á skuldabréfamarkað og í hávaxtainnstæður. Peningastefnunni tókst að færa verðbólgu og síðar verðbólguvæntingar í markmið á árunum eftir 2012 án fórnarkostnaðar í atvinnustiginu. Þá stuðlaði notkun nýrra tækja að því að gengi krónunnar virkaði til sveiflujöfnunar en ekki sveiflumögnunar eins og var að einhverju leyti raunin á árunum fyrir fjármálakreppuna. Verðbólga var svo nálægt markmiði í um fimm ár.

Þegar bankarnir féllu haustið 2008 voru stofnaðir nýir bankar nánast yfir nótt sem tóku við innlánnum hérlendis og eignum á móti og urðu nýr farvegur innlendrar greiðslumiðlunar. Það varð nánast ekkert hökt í innlendri greiðslumiðlun og verður að telja það nokkurt afrek. Eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni átti eftir að fjármagna bankana með eigin fé og ganga frá skiptum á milli gömlu og nýju bankanna. Farin var sú leið að gömlu bankarnir lögðu tveimur bankanna til eigið fé. Til að byrja með var umtalsvert misvægi í efnahagsreikningum bankanna, t.d. gjaldeyrismisvægi, og hlutfall lána í vanskilum var mjög hátt. Með margvíslegum aðgerðum og vegna efnahagsbata minnkaði misvægið og vanskilahlutföll bankanna lækkuðu hratt frá og með árinu 2011 og hafa síðan árið 2015 verið tiltölulega lág í sögulegu samhengi. Eiginfjárhlutföll bankanna hækkuðu af sömu orsökum en einnig vegna þess að Fjármálaeftirlitið bannaði arðgreiðslur án sérstaks samþykkis fyrstu rekstrarár þeirra og fjármagnshöftin gerðu það síður fýsilegt að þeir greiddu erlendum kröfuhöfum arð. Á sama tíma var regluverk í kringum bankanna stórbætt.

Við búum nú að bankakerfi sem fyrst og fremst þjónustar innlend heimili og fyrirtæki og er að heildareignum til í hlutfalli af landsframleiðslu ekki nema 15% af því sem það var fyrir fjármálakreppuna. Eins og sjá má á háum eiginfjárlutföllum og góðri lausafjárstöðu er viðnámspróttur bankanna mikill.

Eiginfjárlutföll bankanna hafa lækkað á síðustu árum vegna arðgreiðslna. Segja má að það hafi verið svigrúm til þeirrar lækkunar. Nú eru eiginfjárlutföllin hins vegar komin mun nær lágmarks eiginfjárkröfum Fjármálaeftirlitsins og við núverandi aðstæður þar sem blikur eru á lofti í efnahagsmálum er óvarlegt að lækka þau mikið frekar með arðgreiðslum. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að núverandi eiginfjárkröfur fela einnig í sér eiginfjárauka sem eru þess eðlis að fari eiginfjárlutföllin niður fyrir kröfurnar þýðir það ekki að viðkomandi banki sé kominn í þrot. Eiginfjárukarnir eru nokkurs konar stuðpúðar og ef gengið er á þá kemur til aðgerða sem miða að því að varðveita viðnámsprótt svo sem með takmörkun arðgreiðslna og kaupauka. Þá er hægt að lækka sveiflujöfnunarauka mjög hratt ef aðstæður kalla á slíkt, en teknar hafa verið ákvarðanir um að hann fari í 2% á komandi misserum.

Á heildina litið tókst vel til við að ná því markmiði efnahagsáætlunarinnar frá árinu 2008 að endurreisa bankakerfið á traustari grunni. Vissulega eru ýmsar spurningar og áskoranir varðandi framtíðarþróun bankakerfisins og regluverks í kringum það eins og kemur fram í nýlegri *Hvítbók* um framtíð fjármálakerfisins en það býður betri tíma að ræða það mál nánar.

Snemma í þessum mánuði tóku gildi lög frá Alþingi sem losuðu höft á því sem þá stóð eftir af aflandskrónum. Samtals námu aflandskrónur þá um 84 ma.kr. eða tæplega 3% af landsframleiðslu. Þar með var stigið lokaskrefið við að losa fjármagnshöft á krónueignir erlendra aðila. Þessar eignir voru annars vegar svokallaðar aflandskrónur og hins vegar krónueignir búa föllnu bankanna. Samtals námu þessar eignir 65% af landsframleiðslu þegar mest var. Það tókst að lækka þetta hlutfall niður í núverandi stöðu í gegnum margvíslegar aðgerðir á árunum 2010-2017 án þess að raska greiðslujöfnuði við útlönd og fjármálastöðugleika, án þess að nýta um of gjaldeyrisforða Seðlabankans og án þess að teljandi lagalegir eftirmálar yrðu. Þetta er árangur sem eftir hefur verið tekið, m.a. í okkar alþjóðlega umhverfi.

Samhliða endanlegri losun aflandskróna var hin sérstaka bindiskylda á fjármagnsinnstreymi á skuldabréfamarkað og í hávaxtainnstæður lækkuð niður í núll. Þessi samstilling hefur skilað góðum árangri. Gengi krónunnar hefur lítið gefið eftir vegna útstreymis aflandskróna og Seðlabankinn hefur hingað til ekki þurft að eyða miklum gjaldeyrisforða til að standa við það loforð sitt að gjaldeyrisústreymi vegna aflandskróna myndi ekki veikja gengi krónunnar.

Ágætu fundargestir! Í morgun bárust fréttir af falli flugfélagsins Wow. Þar með hefur raungerst hluti af þeirri áhættu sem þjóðarbúskapurinn hefur staðið frammi fyrir að undanfögnu. Síðastliðið haust lagði Seðlabankinn mat á möguleg efnahagsáhrif falls Wow. Ljóst var að áhrifin á þjóðarbúið myndu að verulegu leyti velta á því í hvaða mæli og hversu hratt önnur flugfélög myndu fylla í skarðið. Greiningin miðaðist við stærð og umsvif Wow á árinu 2017 en gróflega má áætla að þau hafi verið orðin um helmingi minni þegar gjaldþrot félagsins átti sér stað. Eigi að síður er ljóst að fall Wow mun hafa neikvæð áhrif á hagvöxt, sérstaklega á þessu ári. Ólíklegt er þó að það eitt og sér nægi til að það verði beinlínis samdráttur á árinu. Þetta áfall kemur hins vegar í framhaldi af öðrum áföllum, eins og loðnubresti. Síðan er til staðar áhætta sem ekki hefur enn raungerst eins og möguleg niðurstaða kjarasamninga sem samrýmist ekki verðstöðugleika og óskipulagt Brexit. Raungerist sú áhætta yrði hagvöxtur enn minni og ekki hægt að útiloka einhvern tímabundinn samdrátt.

Í þessu samhengi skiptir það miklu að við búum nú yfir meiri viðnámsþrótti og getu til að milda áföll en kannski nokkru sinni í sögu okkar. Ég hef nefnt marga af þeim styrkleikum fyrr í ræðu minni. Hér er um að ræða getu þjóðarbúsins og fjármálakerfisins til að takast á við áföll vegna ágætrar ytri stöðu, stórs gjaldeyrisforða og tiltölulega góðrar eiginfjárstöðu heimila og fyrirtækja. Staða bankanna er einnig sterk eins og ég hef nú farið yfir. Þá er svigrúm hagstjórnar til að bregðast við töluvert og mun meira en víða um heim. Það er afgangur á ríkissjóði og skuldir hins opinbera eru litlar í sögulegu samhengi. Svigrúm til lækkunar vaxta er hér mikið ef aðstæður kalla á, ólíkt mörgum viðskiptalöndum, þar sem þeir eru töluvert fyrir ofan núll hér á landi.

Ágætu fundargestir! Ég hef í máli mínu beint sjónum að reynslu okkar síðasta áratuginn og núverandi stöðu en sný mér nú að nokkrum áskorunum framtíðarinnar varðandi verkefni Seðlabankans.

Fyrsta áskorunin lýtur að því hvernig við getum varðveitt stöðugleika við skilyrði nánast óheftra fjármagnshreyfinga? Seðlabankinn hefur verið að undirbúa sig undir þessar aðstæður svo árum skiptir. Árin 2010 og 2012 gaf Seðlabankinn út tvö rit sem fjölluðu annars vegar um peningastefnu og hins vegar um varúðarreglur eftir fjármagnshöft. Miklu af því sem þar er lagt til hefur verið hrundið í framkvæmd. Ég hef fjallað mikið um efnið í ritum og ræðum á innlendum og alþjóðlegum vettvangi sem má að hluta til finna á heimasíðu Seðlabankans.

Stóra myndin liggur fyrir. Óheftum fjármagnshreyfingum fylgir mikill ávinningur fyrir lítil og opin þjóðarþú en einnig mikil áhætta. Slík áhætta og það að við henni var ekki brugðist átti stóran þátt í aðdraganda fjármálakreppunnar hér á landi. Við höfum reynt að læra af því. Þessu til viðbótar liggur fyrir að lítil

og opin þjóðarþú sem eru fjármálalega samþætt við umheiminn eiga æ erfiðara með að reka sjálfstæða peningastefnu án þess að setja fjármálastöðugleika í hættu ef þau halda sig við hefðbundna hagstjórn og varúðarstefnu. Til að leysa þennan vanda er ekki nægilegt að láta gengið fljóta. Það þurfa því að koma til fleiri tæki og aðgerðir. Þar á meðal eru inngríp á gjaldeyrismarkaði, hefðbundin þjóðhagsvarúðartæki og reglur sem takmarka gjaldeyrismisvægi í innlendum efnahagsreikningum. Þær aðstæður geta hins vegar komið upp að þetta dugar ekki til og þá getur reynst nauðsynlegt að beita fjárstreymistækjum eins og sérstöku bindingunni sem við höfum notað á undanförunum misserum. Það er þá helst í þeim tilvikum að gengi er orðið hærra en efnahagslegar aðstæður gefa tilefni til, gjaldeyrisforði er vel nægjanlegur og þjóðarþúið býr við spennu. Við þessar aðstæður er erfitt að nota gengissveigjanleika, gjaldeyrisinngríp eða vexti til mótvægis við fjármagnsinnstreymi.

Næsta áskorun er að tryggja örugga, skilvirka og hagkvæma greiðslumiðlun. Seðlabankinn gaf á síðasta ári út rit um smágreiðslumiðlun frá sjónarhóli viðbúnaðar og fjármálastöðugleika. Þar er fjallað um mikilvæga almannahagsmuni. Því miður hefur bankinn ekki náð að fylgja skýrslunni nægilega eftir með kynningu og umræðum en stefnt er að því að bæta úr því á næstunni m.a. með stofnun svokallaðs Greiðsluráðs sem er vettvangur til miðlunar upplýsinga og skoðanaskipta meðal helstu haghafa. Fyrsti fundur ráðsins er áformaður í næsta mánuði.

Rafræn smágreiðslumiðlun hefur að mörgu leyti verið virk og örugg hér á landi, meðal annars vegna þess að hún hefur að verulegu leyti verið byggð á íslenskum grunninnviðum og samtímauppgjöri. Á alþjóðlegum vettvangi er samtímauppgjör nú víða haft að markmiði og því mikilvægt að ekki verði öfug þróun hér á landi hvað það varðar.

Eitt þeirra atriða sem skipti sköpum fyrir innlenda smágreiðslumiðlun í fjármálaáfallinu haustið 2008, var að íslensk stjórnvöld gátu án utanaðkomandi íhlutunar tekið yfir stjórn innlendrar greiðslumiðlunar og tryggt virkni hennar. Í ljósi þeirra breytinga sem nú eru að verða á innlendri smágreiðslumiðlun er ekki lengur sjálfgefið að stjórnvöld geti brugðist við með sama hætti og áður. Því er eðlilegt að velta fyrir sér hvernig innlend rafræn greiðslumiðlun verður best tryggð ef eitthvað óvænt kemur upp á. Í vaxandi mæli er lítið svo á, að innlend rafræn greiðslumiðlun varði þjóðaröryggi – að stjórnvöld tryggi, beint eða óbeint, að ávallt sé til staðar innlend greiðsluleið óháð erlendum aðilum. Það eykur öryggi smágreiðslumiðlunar ef til staðar eru varaleiðir sem hægt er að nota ef eitthvað bjátar á í meginkerfum. Reiðufé í formi seðla og myntar gegnir m.a. slíku hlutverki. Það er hins vegar í samræmi við kall tímans að einnig séu til staðar rafrænar greiðsluleiðir óháðar grunninnviðum erlendra kortakerfa. Annars staðar á Norðurlöndum hafa slíkar sjálfstæðar rafrænar lausnir verið í notkun um hríð. Sambærileg tæknilausn er nú til reiðu hér á landi – greiðslulausn sem byggð er ofan á grunninnviði íslenskra fjármálafyrirtækja en hefur ekki enn komist í almenna virkni. Það er ekki ásættanlegt, hafandi í huga möguleg tækifæri þeirrar

lausnar til bætts öryggis, aukinnar skilvirkni og hagkvæmni í þágu íslensks samfélags.

Nú hafa verið lögð fram frumvörp á Alþingi sem fela í sér sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Það verður mikið og vandasamt verkefni sem ég hef ekki tímans vegna tók á að fara nánar út í hér. Þær breytingar sem felast í frumvörpunum eru í veigamiklum atriðum til mikilla bóta. Þar vegur þungt að þær gera vinnuna við að vaka yfir fjármálastöðugleika betri og skilvirkari og gefa færi á að samræma betur stefnumótun varðandi peningastefnu, fjármálastöðugleika og fjármálaeftirlit. Þá er tryggt að lánveitandinn til þrautavara, Seðlabankinn, hafi nægilega góða yfirsýn til að taka ákvarðanir sem best þegar mest á reynir. Reynsla fjármálakreppunnar kennir okkur að það er mikilvægt.

Ég vil að lokum þakka bankaráði og peningastefnunefnd fyrir samstarfið, hinum margvíslegu samstarfsaðilum Seðlabankans þakka ég einnig fyrir samvinnuna, ekki síst forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og Fjármálaeftirlitinu. Þá þakka ég þeim fjármálastofnunum sem eiga viðskipti við Seðlabankann fyrir samstarfið. Einnig vil ég þakka samstarfið við Alþingi, einkum efnahags- og viðskiptanefnd. Síðast en ekki síst vil ég þakka starfsfólki Seðlabankans fyrir mikið, fórnfúst og árangursríkt starf á umliðnum árum. Þá vil ég einnig sérstaklega á þessum tímamótum þakka ykkur öllum sem sækið þennan fund og hafið gert á umliðnum árum. Seðlabankar geta verið breytingarafl en taugar sögu og hefðar eru einnig sterkar og stuðla að styrk og festu í átökum við verkefnin á líðandi tíð. Það er mér mikils virði að hér í dag eru tveir fyrrverandi seðlabankastjórar og aðrir fyrrverandi starfsmenn hafa sótt alla ársfundi á mínu tímabili. Ég þakka fyrir það.